



Alþýðusamband Íslands

Málefni Fæðingarorlofssjóðs – boðuð skerðing réttinda

Miðstjórn ASÍ hefur fjallað um viðbótarsparnaðarkröfu sem gerð er á Fæðingarorlofssjóð vegna ársins 2010 upp á 1,2 milljarða kr. Það er skoðun miðstjórnar að með þessari sparnaðarkröfu sem kemur til viðbótar því sem áður hefur verið ákveðið sé með alvarlegum hætti vegið að því framsækna fæðingarorlofskerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi frá árinu 2000. Fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að vera mikilvægur grundvöllur réttinda barna til að vera samvistum við báða foreldra sinna, aukins jafnréttis á vinnumarkaði og möguleika beggja foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf.

Sparnaðarkrafan nú þýðir í reynd tæplega 10% skerðing á réttindum úr sjóðnum og er þá ekki tekið tillit til hækkana sem hefðu átt að koma til framkvæmda um næstu áramót. Í þessu sambandi skal bent á að til viðbótar er þegar búið að skerða réttindi úr sjóðnum tvisvar sinnum síðan um síðustu áramót. 1. janúar sl. var hámarksgreiðsla úr sjóðnum lækkuð úr 480.000 kr. í 400.000 kr. Þá var hámarkið aftur lækkað 1. júlí sl. nú í 350.000 kr. Í þessu sambandi er vert að benda á að samkvæmt stöðugleikasáttmálanum sem gerður var í júní sl. var gert ráð fyrir að skerðing í velferðarkerfinu yrði ekki yfir 5%.

Jafnframt skal bent á að það eru gjarnan sömu einstaklingarnir og nú eiga að fá skerðingu á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði, sem orðið hafa fyrir alvarlegustu áföllunum vegna hækkunar á lánum og verðfalli á íbúðarhúsnæði, samhliða samdrætti á vinnumarkaði. Vegna lækkunar á viðmiðunartekjum munu auk þess fjölmargir lenda í tvöfaldri skerðingu.

Í ljósi framanritaðs leggur ASÍ til að ákvörðunin um frekari skerðingu Fæðingarorlofsgreiðslna verði endurskoðuð.

Ákveði stjórnvöld engu að síður að grípa til skerðinga gerir Alþýðusambandið kröfu til þess að farin verði sú leið sem hefur mildustu áhrif gagnvart almennu launafólki. Slík aðgerð verður auk þess að vera tímabundin og henni komið á með bráðabirgðaákvæði við núgildandi lög með takmörkuðum gildistíma.

Halldór Grönvold,

aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ